



Gjaldtökuheimildir sveitarfélaga

Staðfesting ráðherra – Birting í B-deild Stjórnartíðinda

Þjónusta	Lög	Lagagrein	Efni	Staðfesting ráðherra	Birting í B-deild Stjórnartíð.
Umhverfismál					
Gjaldtaka fyrir bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds, meðferð úrgangs og skolps (m.a. rotþrær), gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu, ábyrgðartryggingar.	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998	1. og 2. mgr. 59. gr.	„Sveitarfélög geta sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim, enda falli þau undir lög. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um: 1. bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds, 2. meðferð úrgangs og skolps, 3. gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu, 4. ábyrgðartryggingar.“ „Heilbrigðisnefnd semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Sé um að ræða nýmæli í samþykktum sveitarfélaga skal ráðherra leita umsagnar	Já	Já



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

			[Umhverfisstofnunar] ¹⁾ áður en hann staðfestir samþykktina.“		
		5. mgr. 59. gr.	„Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá um innheimtu gjalda skv. 1. mgr. að fenginni <u>umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar</u> . [...] Sveitarfélag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.“	Nei	Já
Meðhöndlun úrgangs o.fl.	Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003	2. mgr. 23. gr. 3. mgr. 23. gr.	Skylt er að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, svo sem með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Sveitarfélagi og byggðasamlagi er þó heimilt að færa innheimtu gjalda á milli úrgangsflokka í því skyni að stuðla að markmiðum laga þessara og ákvæðum 7. gr., að teknu tilliti til 3. mgr. Jafnframt er sveitarfélagi heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu til þess að innheimta allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins, sbr. 3. mgr. Sveitarfélag eða byggðasamlag skal árlega birta upplýsingar um innheimt gjöld og sundurliðun á raunkostnaði á vef sínum.	Nei	Já
Veitur					
Fráveita	Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009	1. – 2. mgr. 15. gr.	„Stjórn fráveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 13. og 14. gr.“ <input type="checkbox"/> Miða skal við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t.	Nei	Já



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

		8. mgr. 15. gr.	fjármagnskostnaði, viðtakarannsóknum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar. ... ²⁾ „Sveitarfélag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.“		
Vatnsveita	Lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 Reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga	1. mgr. 10. gr. 3. mgr. 10. gr. 11. gr.	„Stjórn vatnsveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 5.–7. gr. þessara laga. [...]“ „Stjórn vatnsveitu skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.“ „Stjórn vatnsveitu skal semja gjaldskrá þar sem meðal annars komi fram fjárhæð þeirra gjalda sem heimilt er að innheimta samkvæmt þessum kafla, svo og gjalddagar þeirra. Heimilt er að binda gjöld þessi, önnur en vatnsgjald sem ákveðið er sem hlutfall af fasteignamati, við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu af sölu vatns standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar. Stjórn vatnsveitu auglýsir gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar	Nei	Nei



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

			auglýsingar á starfssvæði veitunnar.		
Hitaveita	Orkulög nr. 58/1967	3. mgr. 32. gr.	„Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að starfrækja hitaveitu samkvæmt lögum þessum, og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.“	Já	Nei
Byggingarmál					
Byggingareftirlit byggingarfulltrúa	Lög um mannvirki nr. 160/2010	51. gr.	„Sveitarstjórnnum er heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og útgáfu byggingarleyfis byggingarfulltrúa, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. [...] Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.“	Nei	Já
Skipulagsmál					
Bílastæðagjald	Skipulagslög nr. 123/2010	1. mgr. 19. gr.	„Ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um í deiliskipulagi getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta bílastæðagjald af hlutaðeigandi lóð. Gjaldið má nema allt að áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða sem á vantar. [...] Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið birtir í B-deild Stjórnartíðinda.“	Nei	Já
Framkvæmdaleyfisgjald		1. mgr. 20. gr. 2. mgr. 20. gr.	„Sveitarstjórn er heimilt að innheimta framkvæmdaleyfisgjald fyrir framkvæmdir sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir, svo og fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfis skyldum framkvæmdum. [...]“	Nei	Já



SAM BAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Gjald fyrir skipulagsvinnu		3. mgr. 20. gr.	„Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda getur sveitarstjórn innheimt gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar. Gjaldið skal ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við skipulagsgerðina og kynningu og auglýsingu skipulagsáætlunar.“ „Sveitarstjórn skal setja gjaldskrá um innheimtu gjalda skv. 1. og 2. mgr. og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.“		
Gatnamál					
Gjald fyrir notkun stöðureita	Umferðarlög nr. 77/2019	1. - 3. mgr. 86. gr.	„Ráðherra getur ákveðið að þar sem heimild til lagningar ökutækja er tímabundin megi því aðeins leggja ökutæki að notuð skuli sérstök stöðukort. Ráðherra setur reglur um stöðukort og notkun þeirra. Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hennar, þ.m.t. á þjóðlendum innan marka sveitarfélagsins. Reglur um notkun stöðureita á landi í umráðum sveitarstjórnar þurfa samþykki lögreglustjóra. Reglur um notkun stöðureita á þjóðlendum skulu samþykktar af ráðherra sem fer með málefni þjóðlendna. Sveitarstjórn innheimtir gjald skv. 2. mgr. á stöðureitum á landi í umráðum hennar og á þjóðlendum innan marka sveitarfélagsins. Samþykki	Já	Nei



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

			ráðherra sem fer með málefni þjóðlendna þarf fyrir gjaldtöku innan þeirra.		
Ýmis gjaldtaka		2. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 5. mgr. 109. gr.	Fjallað um gjaldtöku vegna nokkurra greina laganna. Lögreglan annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 1. mgr. Ráðherra getur ákveðið að á tilteknum svæðum fari álagning gjaldsins að öllu leyti eða að hluta fram með aðstoð stöðuvarda. Hann getur og ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta gjaldsins fari að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Gjald samkvæmt þessari grein skal renna til samgöngumála í viðkomandi sveitarfélagi. Ráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins, en það má eigi nema hærri fjárhæð en 60.000 kr. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Verði gjaldið ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.	Já	Nei
Gatnagerðargjald	Lög um gatnagerðargjald nr. 153/2006	1. mgr. 12. gr. 2. mgr. 12. gr.	„Sveitarstjórn skal setja samþykkt um gatnagerðargjald fyrir sveitarfélagið þar sem eftir atvikum er kveðið á um álagningu gjaldsins, undanþágur frá því og afslætti, gjalddaga og eindaga gjaldsins, greiðslufyrirkomulag og annað er varðar innheimtu þess“ „Samþykktina skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.“	Nei	Já
Félagsþjónusta					
Stuðningsþjónusta	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991	4. mgr. 26. gr.	„Heimilt er sveitarstjórn að taka gjald fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt gjaldskrá.“	Nei	Nei



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk		3. mgr. 29. gr.	„Ráðherra setur nánari leiðbeiningar um akstursþjónustu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks þar sem m.a. skal kveðið á um tilhögun á akstri utan sveitarfélags og kostnaðarskiptingu vegna akstursþjónustu í dreifbýli. Sveitarstjórnun er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra. Þá er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja og skal gjaldið vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði.“	Nei	Nei
Heimþjónusta við aldraðra	Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999	2. mgr. 25. gr.	„Sveitarstjórnir geta ákveðið greiðslupátttöku einstaklinga í þeirri heimþjónustu sem þær veita, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.“	Nei	Nei
Fræðslu-, æskulýðs- og menningarmál					
Leikskóladvöl	Lög um leikskóla nr. 90/2008	1. mgr. 27. gr.	„Sveitarstjórnun er heimilt að ákveða gjaldtöku fyrir barn í leikskóla. Gjaldtaka fyrir hvert barn má þó ekki nema hærri fjárhæð en nemur meðalraunkostnaði við dvöl hvers leikskólabarns í leikskólum á vegum sveitarfélagsins.“	Nei	Nei
Skólamálsverðir	Lög um grunnskóla nr. 91/2008	1. mgr. 23. gr.	„Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja“	Nei	Nei
Tómstunda- og félagsstarf		2. mgr. 33. gr.	„Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir tómstunda- og félagsstarf samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja. Gjaldskrárákvarðanir	Nei	Nei



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

			samkvæmt þessari grein eru kæránlegar samkvæmt fyriræmum 47. gr.“		
Frístundaheimili		6. mgr. 33. gr. a	„Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæránlegar samkvæmt fyriræmum 47. gr.“	Nei	Nei
Tónlistarskólar	Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985	11. gr.	„Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.“	Nei	Nei
Hafnamál					
Hafnir	Hafnalög nr. 61/2003	3. mgr. 9. gr.	„Hafnir skulu birta gjaldskrár sínar með skýrum og aðgengilegum hætti, svo sem á netinu. Höfnum sem reknar eru skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. er <u>heimilt</u> að birta gjaldskrár sínar í B-deild Stjórnartíðinda.“	Nei	Já ¹
	Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004	21. gr.	Höfnum ... ¹⁾ er heimilt að innheimta gjöld af mengunarvaldi á grunni gjaldskrár sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiðslu kostnaðar við starfsemi á vegum hafna vegna mengunar innan hafnarsvæða ... ¹⁾ . Gjaldskráin skal lögð til grundvallar við uppgjör við Umhverfisstofnun vegna starfa á vegum ... ¹⁾ hafna og afnota á mengunarvarnabúnaði í eigu hafna þegar stofnunin ber fjárhagslega ábyrgð á aðgerðum.	Já	Já

¹ Höfnum sem reknar eru skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. (höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags og höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags) er heimilt að birta gjaldskrár sínar í B-deild Stjórnartíðinda.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

			Gjaldskráin skal m.a. taka til vinnuframlags, ferðakostnaðar og notkunar búnaðar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í [tvö ár] ²⁾ í viðkomandi skipi eða fasteign.		
Landbúnaðarmál					
Not af afrétti	Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986	10. gr.	„Enginn má nota afrétt, sem eigi á þar upprekstrarrétt samkvæmt 7. eða 8. gr. nema viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir leyfi, eða landeigandi, ef um einkaeign á afréttarlandi samkvæmt 8. gr. er að ræða. Um slíkar leyfisveitingar, svo og um gjaldskyldu leyfishafa fyrir afréttarnot, skulu nánari fyriræli sett í fjallskilasamþykkt.“ Um fjallskilasamþykkt er fjallað í 3. gr. laganna.	Já	Nei ²
Fjallskil		42. gr.	„Fjallskilum í afréttum og öðrum sumarstarhögum skal jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Heimilt er þó að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, enda séu um það ákvæði í fjallskilasamþykkt.“ Um fjallskilasamþykkt er fjallað í 3. gr. laganna.	Já	Nei
Markagjald		66. gr.	Ýmis gjöld ákveðin af stjórn fjallskilaumdæmis	Nei	Nei
Handsömun dýra	Lög um velferð dýra	24. gr.	„Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum og gera þegar ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni þeirra.“	Nei	Nei

² Taka ber fram að fjallskilasamþykkt ber að birta í b-deild stjórnartíðinda skv. 2. mgr. 3. gr. laganna þar sem fram koma forsendur gjaldtöku.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

			Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Sveitarfélagi er heimilt að innheimta áfallinn kostnað úr hendi umráðamanns samkvæmt gjaldskrá. Ef umráðamaður vitjar ekki dýrsins innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa dýrinu eins og um hálfvilt dýr sé að ræða. Sveitarfélag telst umráðamaður dýra á meðan þau eru í vörslu þess.“		
Slökkvilið					
Brunavarnir	Lög um brunavarnir nr. 75/2000	3. mgr. 12. gr.	Öryggis- og lokaúttektir eldvarnareftirlits. „Sveitarfélagi er heimilt að setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir aðkomu slökkviliðs við gerð öryggis- og lokaúttekta skv. a-lið 1. mgr. og um innheimtu þeirra. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem fram koma þau rök sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjald skal ekki vera hærra en nemur kostnaði við úttektina. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.“	Nei	Já
		3. mgr. 29. gr.	Gjaldskrá vegna þvingunaraðgerða slökkviliðsstjóra: „Sé ákvæðum 2. mgr. beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur. Sveitarfélag skal setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir eftirlit samkvæmt þessari grein og um innheimtu þeirra. Gjöld skulu ekki vera hærri en	Nei	Já



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

			nemur kostnaði við framkvæmd eftirlitsins. Gjöldum samkvæmt þessari málsgrein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. [Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.]		
Húsnæði					
Húsnæðismál	Lög um húsnæðismál nr. 44/1998	3. mgr. 14. gr.	„Sveitarfélagi er heimilt að taka gjöld fyrir þjónustu sem það veitir skv. 1. mgr. og á grundvelli gjaldskrár sem sveitarstjórn staðfestir. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við þá þjónustu sem sveitarfélag lætur einstaklingum í té.“	Nei	Nei
Safnamál					
Söfn	Safnalög nr. 141/2011	19. gr.	„Öllum söfnum sem lög þessi taka til skv. 2. gr. er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er þeim heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sína, svo sem lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildþjónustu, fjölföldun og hvers konar aðra þjónustu til að standa straum af kostnaði. Söfnin setja gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.“	Nei	Nei
Skjalasöfn	Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014	5.-6. mgr. 44. gr.	„Héraðsskjalasöfnum er heimilt að innheimta gjald fyrir ljósritun og afritun gagna sem afhent eru samkvæmt lögum þessum. Gjaldtakan skal ákveðin af stjórn safns með gjaldskrá sem skal birt notendum á aðgengilegan hátt. Sé safninu ekki skipuð stjórn ákveður sveitarstjórn gjaldtökuna. Umrædd gjöld skulu ekki vera hærri en raunkostnaður viðkomandi safns vegna þjónustunnar og er þeim ætlað að standa straum af eftirfarandi	Nei	Nei



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

			kostnaðarþáttum við hana: a. launum starfsfólks sem sinnir þjónustunni, b. sérstökum efniskostnaði vegna þjónustunnar, c. eðlilegum afskriftum af þeim búnaði sem notaður er við afritun gagna.		
Bókasöfn	Bókasafnalög nr. 150/2012	2. mgr. 19. gr. 3. mgr. 19. gr. 4. mgr. 19. gr.	„Hvert safn setur gjaldskrá um alla gjalddöku skv. 1. mgr. að fengnu samþykki bókasafnsstjórnar eða yfirstjórnar stofnunar. [...]“ „Bókasöfnum er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda. Hvert safn setur sér reglur um innheimtu dagsekta og bóta að fengnu samþykki bókasafnsstjórnar eða yfirstjórnar stofnunar. [...]“ „Gjaldskrár skv. 2. og 3. mgr. skal birta notendum á aðgengilegan hátt.“	Nei	Nei